

Krílakot og Kátakot

Dalvík

Fréttabréf maí 2015



Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Pórlaug Diljá)
Karl (Bríet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra og Raket Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)
Myriam (Lea)



Sumarlokun 2015

Lokað er 13. júlí

Opnar aftur þann 11. ágúst
klukkan 12:15



Komið sæl

Enn er kul í lofti og kuldagallaveður á Dalvíkinni. Við erum samt bjartsýn með sól í hjarta og bíðum eftir að hitatölur fari í plús.

Í maí fara elstu börnin í heimsóknir í Kátakot og er það fyrsta skrefið í aðlögun milli leikskóla.

Við ætlum að hafa opna daga 18 og 19 maí í Krílakoti og Kátakoti og er foreldrum og öðrum sem áhuga hafa á leikskólastarfinu velkomið að kíkja við. Í opnu vikunni verður hefðbundið skólafest. Frá klukkan 11:30-13:00 er hádegisverður og hvíld og óskum við eftir því að þið skipuleggið heimsóknir utan þess tíma.

Krílakot

Sveitaferð Krílakots verður þann 22 maí. Strax að lokinni sveitaferð mun foreldrafélagið sjá um að grilla pylsur handa öllum og elstu börnin verða útskrifuð frá Krílakoti.

Foreldrafundur verður fyrir foreldra nýrra barna í Krílakoti þann 26. maí.

Kátakot

Útskrift barna í Kátakoti verður þann 21 maí og útskriftarferð þeirra daginn eftir eða þann 22 maí. Sveitaferð Kátakots verður 27. maí. Allt verður þetta nánar auglýst síðar.

Foreldrafundur verður í Kátakoti þann 28. maí fyrir foreldra barna á Hólakoti sem eru að flytjast í Kátakot á haustdögum en til upplýsinga þá hefst aðlögun strax að loknu sumarleyfi. Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Að lokum


Ég vil þakka ykkur sem tókuð þátt í foreldrakönnuninni. Það er okkur afar mikilvægt að fá ykkar mat á skólafestinni. Ég vil líka koma á framfæri að þið eruð ávallt velkomin í samtali til okkar, bara þanta tíma og við finnum hann.

Bestu kveðjur Drífa.

Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Það er líka mikilvægt að forðast ákveðið samskiptamynstur.

5 vonlaus viðbrögð



Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

PLASTVERKEFNI Í KRÍLAKOTI OG KÁTAKOTI

Við ætlum að vinna með plast á vordögum og erum að byrja að safna, gulu, rauðu, grænu og bláu. Ef þið eigið eitthvað plast sem þið þið ætli að henda þá megið þið endilega gefa okkur það.

Þetta geta verið brotnar fötur, skóflur, dollur, tappar, rör, plastflöskur, diskar, glös eða bara hvað sem er.



Þetta er það sem við ætlum að búa til.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)

Katla (Anton Andri og Arnór Atli)

Guðríður (Hákon Bragi)

Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Peyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Myndir frá leik og starfi



Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökuumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.



Kæru foreldrar

Takk fyrir kerruna

Hún er frábær.

Kveðja frá öllum í Krílakoti og Kátakoti



LAP

Nú hafa þeir foreldrar sem ætla að leggja verkefninu okkar lið fengið tölvupóst með orðum sem þeir ætla að þýða fyrir okkur á sitt tungumál. Í kjölfarið ætlum við að hittast og festa upp merkingar og skilti í sameiningu. Það er gaman að segja frá því að við fengum styrk frá Sprotasjóði í verkefnið sem mun nýtast vel. Aldrei að vita nema að Roma sem skrifaði bókina komi til okkar með fyrirlestur fyrir kennara.

LINGUISTICALLY
APPROPRIATE
PRACTICE



A Guide
for Working
with Young
Immigrant
Children